

# Norðfirðingur

3. tbl. 34. árgangur

Október 2008

## Norðfirðingafélagið er 40 ára !

Í ár er Norðfirðingafélagið 40 ára. Félagið var stofnað 20. nóvember árið 1968. Fyrsti formaður þess var Friðjón Guðröðarson. Aðrir í stjórn voru: Svavar Lárusson, Ragna Jónsdóttir, Anna Jónsdóttir og Birgir Sveinsson. Varamenn í stjórn voru: Guðlaugur Stefánsson og Eypór Einarsson.

Þegar félagið var stofnað voru blikur á lofti í samfélaginu og má segja að það líkist efnahagsástandinu í dag. Þá var aflabrestur eftir að norsk-íslenska síldin hvarf af Íslandsmiðum en í dag ríður fjármálakreppa yfir föðurlandið. Þá eins og nú er full ástæða fyrir Norðfirðinga nær og fjær að lyfta sér upp og eiga glaða stund saman.

Nú fer haustdagskrá Norðfirðingafélagsins af stað samkvæmt atburðadagatali félagsins. Í þessu bréfi viljum við kynna Tónlistarkvöld þann 11. október og afmælishátíð félagsins sem verður haldin þann 13. nóvember n.k.

## Minum á viðburði haustsins !

- **Tónlistar- og menningarkvöld 11. október**
- **Afmælishátíð Norðfirðingafélagsins 13.- 16. nóvember**

**Nánar á næstu síðum !**

## **Tónlistar- og menningarkvöld**

Laugardagskvöldið 11. október næstkomandi stendur félagið fyrir tónlistar- og menningarkvöldi á Kringlukránni. Þar munu Hálfván Steinþórsson og Hlynur Benediktsson halda uppi góðri stemningu og vonandi mæta sem flestir til að eiga góða kvöldstund saman. Tónlistarkvöldið er í hliðarsal á Kringlukránni og er frá kl. 20.00 - 23.00. Á Kringlukránni leikur þetta kvöld enginn annar en Geirmundur Valtýsson, þannig að hægt er að stíga dansinn eftir kl. 23.00

## **Tónlistar- og menningarkvöld**

### **Laugardaginn 11. október á Kringlukránni**

Nú þegar blæs á mótí í samfélaginu er gott að:

- hlúa að sínum norðfirsku rótum,
- horfa björtum augum fram á veginn,
- skella sér á menningarkvöld Norðfirðingafélagsins
- og eiga skemmtilega kvöldstund með góðu fólki.

Hálfván Steinþórsson og Hlynur Benediktsson munu leika og syngja af sinni alkunnu snilld.

Sérstakur sérreittarmatseðill verður á boðstólnum og sérstakt verð á barnum til kl. 23.00.

- Krana bjór 0,5l kr. 590-
- Léttvínsglas 18 cl. Kr. 700-
- Skot/snaps kr. 500-

Að auki er leikhús matseðill hússins. Upplagt að fá sér notalegan kvöldverð áður en dagskráin hefst. Sjá matseðil á baksíðu.

**Mætum öll !**

## Afmælishátíð Norðfirðingafélagsins

Norðfirðingafélagið stendur fyrir glæsilegri afmælishátíð á menningarkvöldi félagsins þann 13. nóvember n.k. Norðfirskir tónlistarmenn munu flytja tónlist eftir norðfirska lagahöfunda. Einnig verður glæsileg myndlistarsýning með verkum eftir fjölmarga Norðfirðinga. Áætlað er að myndlistasýning verði frá og með 13. nóvember til 16. nóvember í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju.

### Afmælishátíð !

Verður haldin í Fella- og Hólakirkju þann 13. nóvember næstkomandi.

#### Dagskrá:

Ýmis tónlistaratriði. Flutt verður tónlist m.a. eftir Norðfirðingana:

- Þórarin Jónsson
- Inga T. Lárusson
- Svavar Benediktsson
- Þorlák Friðriksson / Lalla á Skorrastað
- Jónas og Jón Múla Árnasyni
- Og fleiri

Norðfirskir tónlistarmenn sem koma fram eru m.a:

- Daníel Þorsteinsson
- Sigurður Þorbergsson
- Hálfván og Stella Steinþórsbörn
- Bjarni Freyr Ágústsson
- Hlynur Benediktsson og Ólafur Egilsson
- Hlökkver Smári Haraldsson
- o.fl.

Myndlistarsýning í Fella- og Hólakirkju með verkum eftir Norðfirðinga verður haldin 13. - 16. nóvember. Nánar auglýst síðar.

Ný heimasíða Norðfirðingafélagsins verður opnuð á hátíðinni.